



Morgunblaðið, 24.09.2020, síðu 56
grein stærð: 68.33 sm2
grein hæð: 8.84 sm

Haustraukar Listasafns Reykjavíkur eru gjörningar og inngríp

Sýning Listasafns Reykjavíkur, Haustraukar II, hefst eða verður opnuð í dag kl. 17 með gjörningi Styrmis Arnar Guðmundssonar við Marshall-húsið við Grandagarð. Sýningin fer annars fram

víðsvegar um Reykjavík og á netinu. Átta listamenn setja fram verk sín á ólíkan hátt en um er að ræða gjörninga, inngríp og uppákomur af ýmsu tagi. Auk Styrmis sýna listamennirnir Gígja Jónsdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Haraldur Jónsson, Kolbrún Þóra Löve, Magnús Sigurðarson, Ragnheiður Másól Sturludóttir og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Dagskrána má sjá á heimasíðu safnsins.

